

Ár 2015, þriðjudaginn 21. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Námsmatsstofnunar

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Námsmatsstofnunar er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstöðumanninum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 20. október 2014 frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð taki ákvörðun um laun forstöðumanns Námsmatsstofnunar. Í bréfinu segir að um verksvið og ábyrgð forstöðumannsins fari eftir 2. og 3. gr. laga um Námsmatsstofnun, nr. 168/2000. Einnig kemur fram í bréfinu að í erindisbréfi fyrir forstöðumann Námsmatsstofnunar segi meðal annars að hann sé ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Honum beri að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gilda á hverjum tíma og stýra starfi hennar í samræmi við erindisbréfið. Forstöðumaður beri ábyrgð á því að starfsemi og rekstur Námsmatsstofnunar sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem stofnunin geri við ráðuneytið á hverjum tíma og kveði á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem stofnuninni hafi verið falin. Forstöðumaður beri ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstararafkoma Námsmatsstofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir stofnunarinnar séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann hafi umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga, ásamt greinargerð um hvernig starfsmarkmiðum stofnunarinnar verði náð. Í bréfinu kemur einnig fram að mennta- og menningarmálaráðuneyti vinni að sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar.

Með bréfi dagsettu 24. október 2014 var forstöðumanni Námsmatsstofnunar gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt var fjármála- og efnahagsráðuneyti með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að leggja fram greinargerð, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Forstöðumaðurinn sendi kjararáði bréfi dagsett 17. nóvember 2014. Í bréfinu kemur fram að undanfarin misseri hafi stjórnsýsluverkefni verið flutt frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Námsmatsstofnunar og hafi áfanga í þeim flutningi verið lokið þann 1. desember 2014. Sem dæmi um verkefni sem flutt hafi verið til stofnunarinnar nefnir hann umsjón með innritun í framhaldsskóla, undanþágunefndir vegna ráðningar kennara og matsnefnd vegna leyfisbréfa þeirra, viðurkenningar einkaskóla, vottun námsbrauta framhaldsskóla og umsjón með starfsgreinaráðum. Því sé ljóst að ábyrgð forstöðumanns hafi aukist og eigi það sérstaklega við um stjórnvaldsákvæðanir er lúti að réttindum borgaranna, t.d. í tengslum við innritun í framhaldsskóla, útgáfu leyfisbréfa eða vegna viðurkenningar til reksturs einkaskóla. Óskar forstöðumaðurinn eftir því að tekið verði mið af auknu umfangi og ábyrgð við ákvörðun launakjara.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 18. nóvember 2014. Þar segir að í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til kjararáðs komi fram að unnið sé að

sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar. Ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við ákvörðun á launakjörum forstöðumannsins.

Með bréfi dagsettu 9. janúar 2015 fékk forstöðumaður Námsmatsstofnunar sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 20. janúar 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytisins, en fyrri sjónarmið um að úrskurður kjararáðs taki mið af umfangi verkefna ítrekuð.

III.

Samkvæmt lögum nr. 168/2000 er Námsmatsstofnun sjálfstæð stofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Hlutverk Námsmatsstofnunar er að annast framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi, svo sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum og aðalanámskrám, auk annarra verkefna á sviði námsmats og rannsókna sem tengjast því svo sem nánar er mælt fyrir um í áðurnefndum lögum. Helstu verkefni Námsmatsstofnunar eru að sjá um samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa í grunn- og framhaldsskólum, sjá um birtingu niðurstaðna samræmdra prófa gagnvart nemendum, skólum og fræðslufirvöldum og útgáfu heildaryfirlits með niðurstöðum í hverju prófi og prófþáttum eftir skólum og á landsvísu og öðrum upplýsingum sem skýra niðurstöður samræmdra prófa. Stofnunin skal miðla upplýsingum til skóla um nýtingu og túlkun á niðurstöðum prófa í einstökum skólum þannig að þau nýtist til þróunar skólastarfs þar. Þá skal stofnunin vinna að námsmatsrannsóknum og samanburðarrannsóknum við árangur skólastarfs í öðrum löndum. Námsmatsstofnun getur unnið að öðrum verkefnum á sviði námsmats og prófagerðar á grundvelli sérstakra samninga við ráðuneytið og aðra aðila.

Forstöðumaður Námsmatsstofnunar er skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Hann skal hafa lokið meistaraþrófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og skal jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur, ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og ræður aðra starfsmenn. Forstöðumaðurinn kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar út á við. Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Stjórnin staðfestir starfsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með framkvæmd þeirra. Eins og fram hefur komið veitir stjórnin ráðherra umsögn um ráðningu forstöðumanns.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstöðumanns Námsmatsstofnunar, en forstöðumaðurinn hefur tekið laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar um laun forstöðumanns Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála (forveri Námsmatsstofnunar) frá árinu 1999 og hafa launin tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og kjararáðs. Umfang starfsemi Námsmatsstofnunar hefur aukist og breyst og gefur það tilefni til breytinga á launakjörum forstöðumannsins.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstöðumanns Námsmatsstofnunar skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. desember 2014 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Námsmatsstofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 739.553 krónur. Að auki skal greiða honum 11 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Námsmatsstofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson